



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ráðningar skólastjóra og leikskólastjóra

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. júní 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að eftirfarandi málsgrein bætist við samþykkt um skóla- og frístundaráð. Við ráðningu í stöðu skólastjóra og leikskólastjóra skal skóla- og frístundasvið gefa foreldrafélagi/foreldraráði og skólaráði viðkomandi skóla kost á virku samráði um málið. Þar sem ráðning skólastjóra eða leikskólastjóra stendur fyrir dyrum, skal gefa stjórn viðkomandi foreldrafélags, foreldraráði og skólaráði kost á að hitta umsækjendur, sem metnir hafa verið hæfastir, til að kynnast sýn þeirra á starfið. Heimilt er að hafa slíkan fund opinum öllum foreldrum viðkomandi skóla. Að undangengnu slíku samráði er þessum aðilum þ.e. stjórn foreldrafélags og skólaráði heimilt að skila umsögn til skóla- og frístundasviðs með álit um hvaða umsækjandi sé áhugaverðasti kosturinn með hliðsjón af metnaðarfullri framtíðarsýn að þeirra mati til að gegna starfinu.

Um lagaumhverfi

Ákvörðun um ráðningu skólastjóra í leikskóla eða grunnskóla er stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Við töku slíkrar ákvörðunar þarf að gæta að ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, ákvæðum annarra settra laga, kjarasamningum sem og skráðum og óskráðum reglum stjórnarsýsluréttar.

Í lögum um leikskóla, nr. 90/2008 (6. gr.), og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (11. gr.), segir að um ráðningu leikskólastjóra og grunnskólastjóra fari eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á. Þá hafa lög nr. 95/2019, um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, að geyma ákvæði er varðar hæfni stjórnenda í leik- og grunnskólum. Þá segir svo í 1. mgr. 15. gr. sömu laga: „Sveitarstjórn eða sá sem sveitarstjórn felur umboð sitt, eða aðrir rekstraraðilar, ráða skólastjórnendur við leik- og grunnskóla í samræmi við lög þessi, fyrirmæli laga um leikskóla og laga um grunnskóla og ákvæði sveitarstjórnarlaga.“

Í 56. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, segir um ráðningu annarra starfsmanna en framkvæmdastjóra sveitarfélagsins: „Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður

hjá sveitarfélagi og veitir þeim lausn frá starfi. Um ráðningu annarra starfsmanna annast framkvæmdastjóri, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða með almennum fyrirmælum.“

Samkvæmt 2. málslíð 11. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar ræður sviðsstjóri skólastjóra leik- og grunnskóla og í aðrar stjórnunarstöður á skóla- og frístundasviði. Við ráðningar er fylgt viðmiðum vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla Reykjavík. Þar kemur fram meðal annars fram: „Við gerð auglýsingar um skólastjórastöðu fer skrifstofustjóri fagskrifstofu á fund foreldraráðs/ skólaráðs, kynnir ráðningaferlið og fulltrúar í ráðinu fá tækifæri til að koma með tillögur um hæfniskröfur og einstaka áhersluþættir auglýsingar til viðbótar því sem lög gera kröfur um.“ Viðmiðin voru samþykkt í skóla- og frístundaráði 1. apríl 2015 og í borgarráði þann 16. apríl 2015.

Samkvæmt fyrirmælum í 13. gr. laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hefur Menntamálastofnun gefið út leiðbeiningar um verklag við ráðningar kennara og stjórnenda við leik- og grunn- og framhaldsskóla, dags. 2019, sem sjá má hér:

https://mms.is/sites/mms.is/files/leidbeiningar_vid_radningar_201219_lokautgafa_-_yfirlesid.pdf.pdf

Mat á hæfni

Með auglýsingu um starf er lagður grunnur að ráðningarferlinu. Í auglýsingu þurfa að koma fram hvaða menntunar- og hæfniskröfur eru gerðar í starf og lýsing á verkefnum sem felast í starfinu. Almennt er ekki talið heimilt að leggja annan grunn að hæfni umsækjenda en fram kemur í auglýsingu.

Þá gildir að það er veitingarvaldshafi (sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs) sem verður að taka allar mikilvægar ákvarðanir í máli, enda sé ekki fyrir hendi lagaheimild sem heimilar honum að fela utanaðkomandi aðilum ábyrgð á þeim. Það er jafnframt sviðsstjóri sem tekur ákvörðun um hvaða umsækjandi er talinn hæfastur í starfið á grundvelli hæfnissjónarmiða enda hafi hann ekki framselt það vald með lögmeðum hætti.

Samkvæmt framangreindum viðmiðum vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík, hafa fulltrúar í foreldraráði / skólaráði tækifæri til að koma með tillögur um hæfniskröfur og einstaka áhersluþætti auglýsingar. Með því móti geta slíkar tillögur haft áhrif á efni auglýsingar og þar með hæfnissjónarmið sem litið er til í ráðningarferlinu.

Hægt er að fara ýmsar leiðir til að afla upplýsinga um umsækjendur í ráðningarferli, s.s. með því að taka viðtöl, afla umsagna, leggja fyrir próf o.fl. Þá ber á skrá niður öll málsatvik sem hafa þýðingu fyrir mál og er ekki að finna í gögnum þess, sbr. 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Gildir það m.a. um upplýsingar úr viðtali við umsækjendur og skráningu upplýsinga sem aflað er frá umsagnaraðilum.

Samkvæmt framangreindu hafa viðtöl við umsækjendur og öflun umsagna um hann almennt það markmið að afla upplýsinga um umsækjendur, en samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (rannsóknarreglu) skal stjórnvald sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Framangreind tillaga felur í sér að einstaklingum í foreldraráði og eftir atvikum öllum foreldrum skóla er gefinn kostur á að hitta umsækjendur svo að þeir fái að kynnast sýn viðkomandi umsækjenda á starfið. Þá geti stjórn foreldrafélags og/eða skólaráð skilað inn umsögn til skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur hver teljist áhugaverðasti kosturinn með hliðsjón af metnaðarfullri framtíðarsýn að þeirra mati til að gegna starfinu.

Ekki verður séð að verið sé að leggja til viðtal með það að markmiði að afla hlutlægra upplýsinga um umsækjendur sem verða skráðar niður og teljast til gagna málsins. Ekki er heldur lagt til að ráðningarvaldið sé fengið öðrum aðila en sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Með tillögunni er gert ráð fyrir að aflað sé upplýsinga um mat framangreindra aðila (þ.e. stjórn foreldrafélags, skólaráðs og/eða foreldra) á því hvaða umsækjandi sé áhugaverðasti kosturinn. Umsögn með slíku mati verði þá sjálfstætt gagn í málinu sem kemur til skoðunar við mat ráðningaraðila á hæfni umsækjenda. Með vísan til framangreindra krafna um rannsókn máls, m.a. um að veitingarvaldshafi þurfi að hafa allar upplýsingar og forsendur í máli til að komast að niðurstöðu, verður ekki séð að tillagan falli að þeim kröfum.